



Alþingi

Erindi nr. D 118 / 357

komudagur 6 / 12 1984

Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis
 Ágústa H. Lárusdóttir,
 deildarfulltrúi,
 Þórshamri v/ Templarasund.

Umsögn um frumvarp til laga um hlutafélög og einkahluta-
 félög. mál nr. 96 og 97.

Vísað er til bréfs Guðjóns Rúnarssonar nefndarritara varðandi umsögn um ofangreind frumvörp.

ÍSLENSK VERSLUN getur í aðalatriðum lýst sig fylgjandi þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði á hlutafélagalögum nr. 32/1978 svo og frumvarpi um stofnun einkahlutafélaga. Teljum við það stórt skref fram á við, að einstaklingar eigi nú möguleika á að stofna til félagsrekstrar með takmarkaðri ábyrgð.

ÍV vill þó leyfa sér að gera fáeinar athugasemdir við framkomið frumvarp til breytinga á hlutafélagalögum og einstaka greinar þess. Vegna þess mismunar sem óhjákvæmilega hlýtur að vera á milli þessara tveggja félagsforma, hlutafélaga og einkahlutafélaga, hefði ÍV talið eðlilegt að taka á því með afgerandi hætti, að framkvæmdastjórnar í hlutafélagi mættu ekki eiga sæti í kjörinni stjórn þess. Öðru máli gegni um einkahlutafélög, þar sem önnur sjónarmið hljóta að vera ráðandi um stjórn og framkvæmdastjórn slíkra félaga. Þá setur ÍV einnig spurningarmerki við það ákvæði í frv. til hlutafélagalaga, hvort þörf sé á að tilgreina í samþykktum þeirra þann fjölda framkvæmdastjóra sem stjórn er heimilt að ráða. Slík ákvörðun hlýtur alltaf að vera á ábyrgð stjórnar hlutafélags hverju sinni. Sé hins vegar haldið fast við þetta atriði frv. telur ÍV eðlilegt, að skýrt komi fram í 58. gr. þess að hvorki formaður né varaformaður, sem staðgengill formanns, verði kjörnir úr hópi framkvæmdastjóra félags.

ÍV fagnar sérstaklega þeirri breytingu sem lögð er til í 51. gr. frumvarpsins þess efnis, að kjör allra stjórnarmanna skuli fara fram samtímis. Telur ÍV að það muni leiða til aukins lýðræðis í starfsemi félaga. Þá fagnar stjórnin ákvæði í 54 gr. frv. um að nú skuli með afgerandi hætti tekið fyrir það, að menn sem ítrekað hafa veitt gjaldþrota fyrirtækjum forstöðu, geti komist upp með að vera í forsvari nýrra félaga. Hins vegar saknar stjórnin þess, að ekki skuli tekið upp jafn afgerandi ákvæði um ábyrgð stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í félögum sem þannig er ástatt um. Þá fagnar ÍV tillögu í c. lið 63. frv. um hlutafélög, þess efnis, að stjórn verði að koma með ákveðnar tillögur um ráðstafanir í þeim tilvikum sem þar eru nefnd. Engu að síður er það álit ÍV, að hér vanti afgerandi ákvæði um ábyrgð stjórnarmanna, sinni þeir ekki þessari skyldu sinni.



Stjórn ÍV telur ekki knýjandi þörf á að breyta núverandi ákvæði 2. másl. 1. mgr. 55 gr. hlutafélagalaganna, eins og lagt er til í 59. gr. frumvarpsins. Er það álit ÍV að slíkt ákvæði geti í raun gert stjórn óstarfhæfa.

Varðandi fyrirhugaða breytingu á 72. gr. hlutafélagalaga, sbr. 66. gr. frv. óttast ÍV að slík regla sem þar er lögð til sé of íþyngjandi. Það eigi að vera heimilt, að taka mál á dagskrá ef t.a.m. 2/3 fundarmanna samþykki, enda sé mætt fyrir hluthafa sem hafa yfir minnst 2/3 hlutfjár að ræða.

ÍV telur að það eigi að vera ófrávíkjanlegt í lögum um hlutafélög, að a.m.k. einn endurskoðandi sé löggiltur. Öðru máli gegni um einkahlutafélög, enda búa mismunandi forsendur að baki hvoru félagsforminu um sig.

ÍV fagnar þeim tillögum sem gerðar eru í 82. gr. frv. um takmarkanir á lánveitingum hlutafélaga til þargreindra aðila. Sú spurning vaknar hins vegar óneitanlega hvort sú breyting, sem til er lögð sé ekki óþarflega ströng. Telur ÍV að leyfa eigi slíkar lánveitingar, innan vissra skynsamlegra marka, enda verði tryggt, að fyllsta aðhalds sé gætt í slíkum lánveitingum og að þeirra verði sérstaklega getið t.d. í ársuppgjöri viðkomandi félags.

Hvað önnur ákvæði frumvarpsins áhrærir, getur ÍV lýst sig samþykka þeim atriðum og hvetur til þess að bæði frumvörpin verði samþykkt að teknu tilliti til framanritaðra athugasemda, að breyttu breytanda.

Reykjavík 1. desember, 1994

Stefán S. Guðjónsson
framkvæmdastjóri FÍS

Jónas Þ. Steinarsson
framkvæmdastjóri BGS

Magnús E. Finnsson
framkvæmdastjóri KÍ